

Þróun dómskalans

Undanfarið hefur farið fram vinna við framþróun dómskalans fyrir kynbótahross. Hérna verður farið yfir helstu markmið vinnunnar og hvaða nýjungar eru í farvatninu varðandi útfærslu á reiðdóminum.

Aðal markmiðið er að skapa aðgengilega og auðvelda hestgerð fyrir þann breiða hóp fólks sem nýtur reiðhestskosta íslenska hestsins. Leiðin til þess er m.a. að verðlauna ákveðið byggingarlag með áherslu á sterka yfirlínu, sem skapast af rétt löguðum hálsi og burðarmiklu baki, að hrossið sé jafnvægisgott; hlutfallarétt og framhált. Hvað varðar reiðhestskostina er mikilvægt að verðlauna jafnvægi og að hesturinn sé sjálfberandi og eigi auðvelt með að ganga í réttri líkamsbeitingu undir manni. Þá er mikilvægt að leggja aukna áherslu á þjálfni og yfirvegum þegar kemur að mati á vilja og geðslagi. Allt eru þetta atriði sem meðal annarra stuðla að betri reiðhesti, burtséð frá hlutverki hans.

Helstu markmið vinnunnar voru eftirfarandi:

- Yfirfara markmiðin innan hvers eiginleika og skilgreina eiginleikana nánar, sérstaklega átti þetta við fet, hægt stökk og hægt tölt
- Gera skalann að enn betra vinnuþlaggi fyrir dómara, sýnendur og ræktendur
- Taka inn nýja þekkingu á sambandi byggingar og hæfileika. Í nýjum skala er aukin áhersla þá þætti byggingarinnar sem eiga að stuðla að eðlisgóðri ganghæfni
- Aukin áhersla á mýkt, jafnvægi, sjálfberandi hestgerð og rétta líkamsbeitingu
- Aukin áhersla á gæði gangtegundanna á mismunandi hraðastigum; tölt, stökk og brokk og fjaðurmagn á hægu þegar hæstu einkunnir eru gefnar
- Kanna með hvaða hætti væri hægt að gera mismunandi kröfur eftir aldri
- Aukin áhersla á þjálfni og yfirvegum í mati á vilja og geðslagi
- Bæta við reiðdóminn ákveðnum verkefnum sem auka upplýsingagildi sýningarinnar; bæta mat á jafnvægi hestsins og hversu sjálfberandi hann er og gefa okkur auknar upplýsingar um gæði gangtegundanna.

Hérna verður farið yfir hverja gangtegund fyrir sig auk vilja og geðslags og stiklað á helstu nýjungum sem eru í farvatninu:

Tölt

Eins og kemur fram að ofan er stefnan að leggja aukna áherslu á jafnvægi og að hesturinn sé sjálfberandi undir manni. Góð verkefni eða próf til að meta þessa þætti sérstaklega er að sjá hestinn aðeins á slökum taum og sjá hraðabreytingar. Þess vegna er hugmyndin að til þess að hljóta einkunn upp á 9,0 eða hærra sé gerð krafa um að sýndar séu hraðabreytingar (þ.e. greinileg uppkeyrsla og/eða niðurræging) og að sýnt sé fram á að hesturinn haldi jafnvægi á gangtegundinni þegar greinilega losað er um tauminn. Þessi verkefni, séu þau vel framkvæmd, geta að auki vegið til hækkunar á einkunnum neðar í skalanum. Í sambandi við verkefnið að losa um tauminn er hugmyndin sú að losað sé alveg um taumsamband í að lágmarki 3 sekúndur (taumur gefinn fram); að það sé nóg prufa á það hversu sjálfberandi hesturinn er.

Þröskuldar í tölti – eins og fólk þekkir eflaust má núna muna einum heilum í einkunn á hægu tölti og tölti; þ.e. hross getur fengið 9,0 fyrir tölt með 8,0 fyrir hægt tölt. Í nýjum skala er hugmyndin að leggja meiri áherslu á gæði á hægu tölti á þann veg að þegar hross hljóta 9,0 eða herra fyrir tölt megi einungis muna hálfum í einkunn á hægu tölti og tölti (einkunn fyrir hægt tölt megi einungis vera hálfum lægri). Áfram megi muna heilum í einkunn upp í 8,5 í skalanum og einnig almennt þegar um fjögurra vetra hross er að ræða (mismunandi kröfur eftir aldri).

Hægt tölt

Til að meta ákveðna þætti hæga töltsins er afar upplýsandi að sjá hestinn á hægu tölti sem er sýnt upp af feti. Þessir þættir eru hreinleiki gangtegundarinnar og jafnvægi en einnig fjaðurmagn á hægu og eðlisfótburður. Fyrir hinar hærri einkunnir (9,0 eða herra) þarf hesturinn því að geta gengið upp í jafnvægisgott hægt tölt af feti án þess að þurfa til þess langan aðdraganda. Gangskiptingin fet upp í hægt tölt þarf ekki að fara fram fyrir framan dómvallinn (nóg að hún fari fram í aðdraganda 150 metra kaflans) enda er ekki verið að meta gangskiptinguna sem slíka, heldur gæði hæga töltsins þegar það er sýnt upp af feti.

Brokk

Til að fá auknar upplýsingar um brokkið þegar úrvalseinkunnir eru gefnar (9,0 eða herra) er hugmyndin að hesturinn sé sýndur á fleiri en einu hraðastigi, þ.e. á hægu brokki eða hægri milliferð og einnig greiðari ferð. Í dag er sú vinnuregla við lýði að sé gefið 9,5 eða 10 fyrir brokk, að þá sé hesturinn sýndur á milliferð, auk greiðari ferðar. Nú er hugmyndin að útfæra þetta skýrt í skalanum og gera þessa kröfu þegar einkunnir 9,0 eða herra eru gefnar. Stefnan er sú að hross sem hljóta úrvalseinkunnir hafi sannarlega bætandi áhrif á brokk í stofninum en þá er mikilvægt að hrossið sé takthreint, beiti sér rétt og búi yfir fjaðurmagni á hægari ferð. Þá geta hraðabreytingar í góðu jafnvægi vegið til hækkunar á einkunnum hvar sem er í skalanum.

Skeið

Þegar kemur að mati á skeiði er nýjung í skalanum að gerðar eru minni kröfur til fjögurra vetra hrossa hvað lengdina á sprettinum varðar. Fyrir fjögurra vetra hross er full sprettlengd 75 metrar en 150 metrar hjá eldri hrossum eins og verið hefur. Þá er meira lagt upp úr rétri líkamsbeitingu á skeiði og jafnvægi. Auðveld niðurtaka á skeið af stökki á greiðri ferð, létt taumsamband á sprettinum sem og mjúkleg niðurhæging í jafnvægi eru verkefni sem geta vegið til hækkunar á einkunnum enda sýna þau fram á jafnvægi hestsins og öryggi á sprettinum. Að sama skapi skal einkunn lækka um 0,5 hið minnsta séu miklir erfiðleikar í upphafi spretts, hesturinn þarf mikla hjálp frá knapa til að halda jafnvægi á sprettinum eða ef hesturinn styttir sig í niðurhægingu. Til að hljóta einkunnir 8,5 og herra þarf að hleypa hestinum greinilega til skeiðs, þetta er verkefni sem þegar er farið að biðja um.

Greitt stökk

Í nýjum skala hefur stökkið verið skilgreint sem tveir aðskildir eiginleikar, *greitt stökk* og *hægt stökk*, með sitt hvort vægið (sjá grein um þróun vægisstuðlanna). Þegar stökk hefur verið skilgreint sem tveir eiginleikar er ekki lengur um þröskulda að ræða, þannig að gæði á hægu stökki hafa ekki áhrif á einkunnagjöf fyrir stökk, eins og verið hefur. Stökk skal sýnt á þeim mesta hraða þar sem hesturinn ræður við að ganga í jafnvægi, þar sem hraðaukning frá

hægu upp í mestu ferð er sýnd. Greinileg hraðaaukning í góðu jafnvægi getur vegið til hækkunar á einkunn og eins ef sýnd er jafnvægisgóð niðurrhæging. Full sprettlengd er 150 metrar en eins og með skeiðið er full sprettlengd 75 metrar hjá fjögurra vetra hrossum.

Hægt stökk

Hvað hæga stökkið varðar hefur ræktunarmarkmiðið verið yfirfarið og skýrt en dómskalinn fyrir hægt stökk var fremur lítið skilgreindur. Í nýjum skala er betur lýst hvaða gerðir af hægu stökki eigi að verðlauna til úrvalseinkunna, þar sem t.d. svif og mýkt geta vegið hvort annað upp. Fyrir hinar hærri einkunnir (9,0 eða herra) þarf hesturinn að geta lyft sér upp í jafnvægisgott hægt stökk af feti eða milliferðar tölti/brokki. Sýning á bæði hægri og vinstra stökki sem og að hesturinn haldi jafnvægi og burði þegar slakað er á taum eru verkefni sem vegið geta til hækkunar á einkunn séu þau vel framkvæmd.

Fet

Þar hefur ræktunarmarkmiðið einnig verið yfirfarið og skýrt. Í nýjum skala er aukin áhersla á rétta líkamsbeitingu á feti, hesturinn gangi vel í gegnum sig og hafi góða skreflengd en minni áhersla á yfirstig á fetinu; það er að afturfótur fari mikið yfir framfótarsporið. Hvað varðar ung hross þá eru gerðar minni kröfur um stöðuguleika sýningarinnar, þ.e. ef ung hross missa einbeitingu á fetinu, að dæma til einkunnar bestu kafla sýningarinnar.

Vilji og geðslag

Eins og fram hefur komið er meiri áhersla lögð á þjálfni og yfirvegum í mati á þessum eiginleika í nýjum skala. Í vilja og geðslagi er metið hvernig sýningin gengur; framhugsun hestsins, svörun við ábendingum (þjálfni) og spennustig. Stefnan er að koma upplýsingum skýrar á framfæri um þessi þrjú atriði í framtíðinni þannig að ræktendur geti betur glöggvað sig á hestgerðinni sem í dómi er hverju sinni. Þetta eru einnig þau atriði sem raunhæft er að meta á þeim fáu mínútum sem dómurinn fer fram. Mörg atriði geðslagsins er ekki hægt að glöggva sig á með sjónmati. Þetta er því afmarkaðri eiginleiki en núverandi heiti hans gefur til kynna og spurning hvort ekki sé betra að kalla eiginleikann *samstarfsvilja* í stað vilja og geðslags.